Alþýðusamband Íslands

Vörukarfan lækkar í Hagkaupum og Nóatúni frá seinustu mælingu

Vörukarfa ASÍ hefur hækkað í flestum verslunarkeðjum um 1,6%-5,6% frá því í júní (v.26), nema í Hagkaupum þar sem vörukarfan lækkar um (-1,2%) og Nóatúni þar sem hún lækkaði um (-2,4%) að því er fram kemur í nýrri mælingu verðlagseftirlitsins sem gerð var í nóvember (v.47). Mesta hækkunin á vörukörfunni milli mælinga verðlagseftirlitsins var hjá Nettó um (5,6%),10-11 um (5,2%) og Samkaupum Úrval um (4,6%). Frá seinustu mælingu má sjá töluverðar hækkanir í öllum vöruflokkum í verslunum landsins, en einstöku lækkanir eru þó sjáanlegar í öllum verslunum nema hjá 10-11.



Í lágvöruverðverslununum hækkaði verð vörukörfunnar mest hjá Nettó um 5,6% sem skýrist að stærstum hluta af hækkun á drykkjarvörum og kjötvörum (9,3%), grænmeti og ávöxtum (9,2%) og brauði og öðru kornmeti (8,3%). Í Krónunni hækkaði vörukarfan um 3,3% sem skýrist að stærstum hluta af hækkun á ýmsum matvörum (9,6%) og kjötvörum (8,7%), en á móti kemur lækkun á vöruflokknum sætindum (-6,1%).

Vöruflokkarnir brauð og kornvörur; mjólkurvörur, ostar og egg; grænmeti og ávextir hækkuðu í öllum lágvöruverðsverslunum mismikið þó á milli mælinga, sjá töflu.

Vika 26 og 47 – 2011	Bónus	Krónan	Nettó
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	**1,6%**	**3,3%**	**5,6%**
Brauð og kornvörur	2,7%	3,4%	8,3%
Kjötvörur	-2,0%	8,7%	9,3%
Mjólkurvörur, ostar og egg	2,4%	1,4%	3,1%
Grænmeti og ávextir	4,5%	1,2%	9,2%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	-2,4%	-6,1%	4,0%
Ýmsar matvörur	2,1%	9,6%	-0,5%
Drykkjarvörur	6,9%	-1,7%	9,3%
Hreinlætis- og snyrtivörur	1,2%	0,8%	-0,2%

Í stórmörkuðum og klukkubúðum hækkaði verð vörukörfunnar mest í 10-11 um 5,2% og skýrist hækkunin að stærstum hluta af hækkun á kjötvörum (9,3%), sætindum (7,9%) og grænmeti og ávöxtum (7,5%). Í Samkaupum-Úrvali hækkaði vörukarfan um 4,6% en skýrist hækkunin að stærstum hluta af hækkun á hreinlætis- og snyrtivörum (14%) og drykkjavörum (11,4%). Hjá Samkaupum-Strax hækkaði verð vörukörfunnar um 3,7% og skýrist hækkunin að stærstum hluta af hækkun á grænmeti og ávöxtum (10,2%) og kjötvörum (7,8%). Í 11-11 hækkaði verð vörukörfunnar um 1,9%, en skýrist hækkunin að stærstum hluta af hækkun á hreinlætis- og snyrtivörum (11,8%) og mjólkurvörum, ostum og eggjum (7,4%).

Verð vörukörfunnar hefur lækkað hjá Nóatúni um 2,4% en mesta lækkunin var á vöruflokkunum sætindum (-12,1%), kjötvörum (-8,3%) og hreinlætis- og snyrtivörum (-6,5%). Einnig lækkar karfan í Hagkaupum um (1,2%) og skýrist sú lækkun á kjötvörum (-16,9%), sjá töflu.

Vika 26 og 47 - 2011	Hagkaup	Nóatún	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Ellefu-ellefu	Samkaup-Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	**-1,2%**	**-2,4%**	**4,6%**	**5,2%**	**1,9%**	**3,7%**
Brauð og kornvörur	-1,4%	0,0%	2,7%	1,4%	2,3%	-2,1%
Kjötvörur	-16,9%	-8,3%	10,9%	9,3%	-3,1%	7,8%
Mjólkurvörur, ostar og egg	3,1%	4,2%	5,6%	4,2%	7,4%	4,0%
Grænmeti og ávextir	2,8%	-3,1%	1,4%	7,5%	-4,0%	10,2%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	5,2%	-12,1%	-1,6%	7,9%	0,0%	-3,0%
Ýmsar matvörur	3,0%	0,3%	-1,7%	4,5%	2,4%	6,9%
Drykkjarvörur	6,5%	6,6%	11,4%	3,4%	1,4%	5,4%
Hreinlætis- og snyrtivörur	2,8%	-6,5%	14,0%	3,6%	11,8%	4,3%

Mjólkurvörur, ostar og egg hafa hækkað í verði í öllum verslunum. Mesta hækkunin er hjá 11-11 (7,4%) og Samkaupum Úrval (5,6%) en minsta lækkunin er hjá Krónunni (1,4%).

Drykkjavörur hafa hækkað milli mælinga í öllum verslunum, nema í Krónunni en þar lækkar vöruflokkurinn um -1,7%. Mesta hækkunin er hjá Samkaupum-Úrvali (11,4%), Nettó um (9,3%), Bónus um (6,9%) Nóatúni um (6,6%), Hagkaupum um (6,5%), Samkaupum-Strax um (5,4%), 10-11 um (3,4%) og hjá 11-11 um (1,4%).

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglað almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis.

Kostur og Víðir neituðu þátttöku í mælingunni

Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni og Nettó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrval, 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax. Kostur og Víðir neita að taka þátt í mælingunni, þar sem þeir telja það ekki þjóna hagsmunum sínum að upplýsa neytendur um þær verðbreytingar sem verða í verslunum þeirra.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli verðmælinga. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.